



Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins
A – deild

**Tryggingafræðileg athugun á stöðu sjóðsins í
árslok 2025**



Mars 2026

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Niðurstaða athugunar	4
Forsendur athugunar.....	6
Staða lífeyrisaukasjóðs	8
Niðurstaða athugunar miðað við staðlaðar forsendur	10
Eignir, rekstur og endurmat.....	11
Niðurlag.....	12
Viðauki TAFLA 1.....	13
Viðauki TAFLA 2.....	14
Viðauki GÖGN	15

Inngangur

Talnakönnun hf. hefur að beiðni stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) athugað tryggingafræðilega stöðu A – deildar sjóðsins (LSRA) miðað við árslok 2025. Athuginin fólst í að reikna annars vegar áfallna skuldbindingu miðað við áunnin réttindi sjóðfélaga og hins vegar heildarskuldbindingu miðað við að sjóðfélagar héldu áfram að greiða í sjóðinn þar til þeir færu á lífeyri. Benedikt Jóhannesson tryggingastærðfræðingur sjóðsins hafði umsjón með athugininni, sem var unnin samkvæmt samþykktum sjóðsins og í samræmi við 24. grein laga nr. 129/1997 og ákvæði IV. kafla reglugerðar nr. 391/1998 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Benedikt er með viðurkenningu Fjármálaeftirlitsins samkvæmt 39. gr. laga nr. 56/2010 um vátryggingastarfsemi en í viðurkenningunni felst meðal annars heimild til að gera tryggingafræðilega athugun á fjárhag hérlendra lífeyrissjóða í samræmi við 24. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997. Arnór Ingi Finnbjörnsson, stærðfræðingur hjá Talnakönnun, sá um stærstan hluta útreikninga.

Gögn um sjóðfélaga voru fengin úr Krúkerfi Fugla ehf. og þar voru upplýsingar um kyn og fæðingardag hvers sjóðfélaga, fæðingardag maka, samtals áunnin réttindi sjóðfélagans og nýjustu upplýsingar um iðgjaldagreiðslur. Hjá lífeyrisþegum voru upplýsingar um tegund lífeyris og lífeyrisréttindin í desember 2025.

Sjóðfélögum er skipt í þrjá hópa:

1. Sjóðfélagar sem greiddu iðgjöld til sjóðsins á árinu 2025.
2. Sjóðfélagar með geymd réttindi, það er greiddu hvorki iðgjöld né þáðu lífeyri á árinu 2025.
3. Lífeyrisþegar í desember 2025.

Áreiðanleiki gagnanna var kannaður með samanburði við gögn síðasta árs og tölur úr ársreikningi og var ágætis samræmi þar á milli. Sjá viðauka þar sem nánar er fjallað um gögnin.

Niðurstaða athugunar

Heildarstaða sjóðsins skiptist annars vegar í áfallna stöðu og hins vegar framtíðarstöðu. Áfallin staða er mismunur á núverandi eignum sjóðsins og áföllnum lífeyrisskuldbindingum til sjóðfélaga. Á sama hátt er framtíðarstaðan mismunur á núvirði framtíðariðgjalda núverandi sjóðfélaga og núvirði framtíðarlífeyrisskuldbindinga vegna sjóðfélaga miðað við tryggingafræðilegar forsendur.

Taflan hér að neðan sýnir niðurstöðu athugunarinnar. Til samanburðar er sýnd niðurstaðan sem miðast við árslok 2024. Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna á verðlagi í lok hvors árs. Niðurstaða athugunarinnar er að heildarstaða sjóðsins er jákvæð um 16.775 m.kr. eða sem nemur 0,8% af heildarskuldbindingum. Það er ívið veikari staða en í árslok 2024 en þá var heildarstaða sjóðsins jákvæð um 23.112 m.kr. eða +1,2%.

Framtíðarstaðan styrkist á milli ára og munar þar að mestu um áframhaldandi raunvirðislækkun iðgjalda, sem veita rétt til jafnar réttindaávinnslu og lífeyrisauka, og stærri hlutdeildar aldursháða réttindakerfisins af iðgjöldum til sjóðsins.

Heildarstaða	2025	2024
Endurmetin eign	1.426.858.130	1.311.622.644
Framtíðariðgjöld	650.679.300	609.921.007
Heildareign	2.077.537.430	1.921.543.652
Lífeyrisskuldbindingar	2.027.581.159	1.868.529.428
Rekstrarkostnaður	33.181.192	29.902.230
Heildarskuldbindingar	2.060.762.351	1.898.431.658
Eignir umfram skuldir	16.775.080	23.111.994
Staða	0,8%	1,2%

Áfallin staða	2025	2024	Framtíðarstaða	2025	2024
Höfuðstóll	1.412.936.096	1.302.404.412	Núvirði framtíðariðgj.	650.679.300	609.921.007
Endurmat skuldabréfa	13.922.034	9.218.233			
Áfallin eign	1.426.858.130	1.311.622.644	Eign í framtíðarstöðu	650.679.300	609.921.007
Skuldbindingar vegna:			Skuldbindingar vegna:		
Ellilífeyris	1.143.673.223	1.035.963.576	Ellilífeyris	708.601.500	672.445.077
Örorkulífeyris	74.057.687	65.009.540	Örorkulífeyris	56.842.850	53.766.108
Makalífeyris	25.257.004	23.079.203	Makalífeyris	14.393.318	13.804.374
Barnalífeyris	1.440.713	1.291.240	Barnalífeyris	3.314.863	3.170.310
Rekstrarkostnaður	15.417.330	13.577.145	Rekstrarkostnaður	17.763.862	16.325.084
Áfallnar skuldb. alls	1.259.845.957	1.138.920.704	Framtíðarskuldb. alls	800.916.394	759.510.953
Eignir umfram skuldir	167.012.174	172.701.940	Eignir umfram skuldir	-150.237.094	-149.589.946
Staða	13,3%	15,2%	Staða	-18,8%	-19,7%

Iðgjald í VIRK endurhæfingarsjóð er 0,10% af stofni til iðgjalds og lækkar því væntar iðgjaldtekjur sjóðsins sem því nemur, en að sama skapi voru væntingar um að örorkubyrði sjóðsins lækkaði. Til umræðu er að sameina örorkuhluta lífeyrissjóða í einn sjóð, sem þýðir, ef af verður, að örorkuskuldbindingar LSRA fari úr tryggingafræðilegri athugun og iðgjald til sjóðsins lækki, þar sem hluti iðgjalds yrði greiddur til nýja sjóðsins. Á meðan verður ekki tekið tillit til áhrifa þessara útgjalda í tryggingafræðilegri athugun, það er hvorki í útreikningi á núvirði væntra iðgjalda né örorkuskuldbindinga. Greiðsla til starfsendurhæfingarsjóðsins var 367,0 m.kr. á árinu 2025 eða 0,70% af iðgjöldum ársins. Sé þessi kostnaður dreginn frá iðgjöldum sem grundvalla framtíðarstöðu hefði það 4.561 m.kr. áhrif til veikingar á tryggingafræðilegri stöðu, eða um -0,22% í árslok 2025.

Heildarstaða sjóðsins er jákvæð um 0,8% og því innan þeirra marka sem lög kveða á um. Þar segir að heildarstaðan eigi að jafnaði að vera innan 5% vikmarka og aldrei utan 10% marka.

Heildarlífeyrisskuldbindingar A – deildar LSR í árslok 2025 eru 2.060.762 m.kr. og hækkuðu um 162.331 m.kr. á árinu 2025.

Áfallnar lífeyrisskuldbindingar hækka um 120,9 ma.kr. eða úr 1.138,9 ma.kr. í 1.259,8 ma.kr. Þar munar að mestu um áhrif verðbólgu og vaxta sem hafa 84,7 ma.kr. áhrif til hækkunar á áföllnum skuldbindingum sjóðsins á árinu 2025.

Yfirlit um breytingu á tryggingafræðilegri stöðu samtryggingardeildar		
Eignir	2025	2024
Endurmetin eign til tryggingafræðilegs uppgjors í árslok	2.077.537.430	1.921.543.652
Endurmetin eign til tryggingafræðilegs uppgjors í ársbyrjun	1.921.543.652	1.727.598.863
Hækkun/lækkun endurmetinnar eignar á árinu	155.993.779	193.944.788
Skuldbindingar		
Skuldbindingar í árslok	2.060.762.351	1.898.431.658
Skuldbindingar í ársbyrjun	1.898.431.658	1.753.067.311
Hækkun/lækkun skuldbindinga á árinu	162.330.693	145.364.346
Breyting á tryggingafræðilegri stöðu á árinu	-6.336.914	48.580.442

Yfirlit um breytingar á áföllnum lífeyrisskuldbindingum samtryggingardeildar		
	2025	2024
Áfallnar lífeyrisskuldbindingar í ársbyrjun	1.138.920.704	1.016.482.278
Hækkun lífeyrisskuldbindinga vegna vaxta og verðbóta	83.787.285	86.611.002
Hækkun áunninna réttinda vegna iðgjalda ársins	52.361.892	48.760.564
Lækkun vegna greidds lífeyris á árinu	-30.897.343	-25.943.484
Hækkun vegna breytinga á tryggingafræðilegum forsendum	0	2.127.566
Hækkun vegna lífeyrisaukaréttinda ársins	10.675.736	10.298.679
Breyting á rekstrarkostnaði á föstu verðlagi	1.337.486	1.365.629
Hækkun/lækkun vegna annarra breytinga	3.660.197	-781.530
Áfallnar lífeyrisskuldbindingar í árslok	1.259.845.957	1.138.920.704

Forsendur athugunar

Ellilífeyrir

1. Í tryggingafræðilegri athugun, sem miðast við 31. desember 2025, er gert ráð fyrir að sjóðfélagar sem eru enn í starfi byrji að taka út ellilífeyri þegar þeir ná 67 ára aldri. Ef sjóðfélagi er þegar orðinn eldri en 67 ára í lok árs 2025, er gert ráð fyrir að hann hefji töku ellilífeyris í lok þess árs. Þetta á við um öll framtíðarréttindi og áunnin réttindi, að undanskildum eldri stigaréttindum.
2. Fyrir gömul stigaréttindi, sem áunnin eru fyrir 1. júní 2017 skv. jafnri réttindaávinnslu, er áunninn réttur til ellilífeyris frá og með 65 ára aldri. Ef ellilífeyristöku er frestað hækkar ellilífeyrir skv. margeldisstuðlum í samþykktum sjóðsins.
3. Réttur ellilífeyrisþega á mánuði er lífeyrisgreiðsla í desember á janúarverðlagi.
4. 12,77% af hverju ársiðgjaldi gefur árleg áunnin réttindi til ellilífeyris miðað við jafna innvinnslu frá og með 67 ára aldri. Sérstök réttindatafla sýnir réttindaávinnslu aldursháðra réttinda.

Örorkulífeyrir

1. Allir sem eiga ellilífeyrisréttindi hjá sjóðnum eiga rétt á örorkulífeyri, ef örorka þeirra er metin 40% eða meira og þeir verða fyrir tekjumissi.
2. Fyrir fulla (100%) örorku er áunninn örorkulífeyrir hinn sami og áunninn ellilífeyrir og hlutfallslega minni fyrir minni örorku. Virkir sjóðfélagar eiga rétt á viðbót með framreikningi samkvæmt reglum í 38. grein samþykta sjóðsins.
3. Réttur örorkulífeyrisþega á mánuði er örorkulífeyrisgreiðsla desembermánaðar á janúarverðlagi.
4. Örorkulífeyrir greiðist til ellilífeyrisaldurs samkvæmt ofanskráðum reglum en breytist í ellilífeyri við 67 ára aldur. Ef örorkumatið er minna en 100% er reiknað með ellilífeyri sem nemur 100% af áunnum réttindum auk framreikningshlutar örorkulífeyris.

Makalífeyrir

1. Makar allra þeirra sem eiga ellilífeyrisréttindi hjá sjóðnum eiga rétt á makalífeyri við fráfall sjóðfélaga.
2. Áunninn makalífeyrir er 50% áunnins ellilífeyris. Makar virkra sjóðfélaga og örorku- og ellilífeyrisþega fá viðbót með sams konar framreikningi og gildir um örorkulífeyri.
3. Makalífeyrir skal greiddur óskertur í þrjú ár frá andláti sjóðfélaga hið minnsta og síðan að hálfu í tvö ár til viðbótar en þó alltaf óskertur meðan yngsta barn sjóðfélaga er 22 ára eða yngra og á framfæri sjóðfélaga.
4. Þegar skilyrðin í ofangreindum lið eru ekki lengur uppfyllt skal greiða ævilangan makalífeyri. Ef makinn er fæddur fyrir 1. janúar 1925 skal greiða ævilangan óskertan makalífeyri. Makar sjóðfélaga sem eru fæddir á árunum 1925 til 1945 fá skertan ævilangan makalífeyri frá 2% upp í 8% á ári þegar önnur skilyrði gefa ekki hærra makalífeyri.
5. Réttur makalífeyrisþega miðast við greiðsluna í desember á janúarverðlagi. Ef ekki var greiddur barnalífeyrir er miðað við greiðslur að fullu í þrjú ár og síðan að hálfu í tvö ár til viðbótar nema lífeyrisþeginn sé fæddur fyrir 1. janúar 1945.

Barnalífeyrir

1. Við andlát sjóðfélaga fá börn þeirra rétt á lífeyri fram að 22 ára aldri.
2. Mánaðarlegur barnalífeyrir er 37.784 krónur á mánuði.
3. Börn örorkulífeyrisþega eiga einnig rétt á bótum í hlutfalli við örorku. Fullur barnalífeyrir með hverju barni örorkulífeyrisþega er 28.338 krónur á mánuði.
4. Réttur núverandi barnalífeyrisþega er greiðslan í desember á janúarverðlagi.

Almennar forsendur

1. Ávöxtun 3,5% umfram vísitölu neysluverðs til verðtryggingar en það eru staðlaðar forsendur.
2. Sérhæfðar lífslíkur miðað við reynslu sjóðfélaga á tímabilinu 2018 til 2022 og frávik frá dánarreynslu samkvæmt staðalforsendum. Þetta er breyting frá stöðluðum lífslíkum skv. reglugerð 391/1998 en þar er miðað við reynslu sjóðfélaga íslenskra lífeyrissjóða árin 2014 – 2018 skv. tilkynningu frá fjármála- og efnahagsráðherra. Gert er ráð fyrir lækandi dánartíðni til framtíðar skv. spálíkani Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga (FÍT), sem staðfest var af fjármála- og efnahagsráðherra í desember 2021.
3. Sérhæfðar örorkulíkur miðað við reynslu sjóðsins árin 2010 til 2014. Þetta er breyting frá stöðluðum örorkulíkum en þar er miðað við reynslu íslenskra lífeyrissjóða á tímabilinu 2018 – 2023 skv. reglugerðinni og tilkynningu ráðherra.
4. Íslenskar barneigna- og hjúskaparlíkur skv. stöðluðum forsendum sem byggja á reynslu árin 2019 – 2023.

Staða lífeyrisaukasjóðs

Ríkissjóður greiddi 106,8 milljarða til sjóðsins í svokallaðan lífeyrisaukasjóð í árslok 2016. Þessi fjárhæð átti að tryggja að sjóðurinn gæti staðið undir jafnri réttindaávinnslu frá og með 1. júní 2017 en eðli hennar er að verðmæti iðgjalda eftir miðja starfsævi dugir ekki fyrir verðmæti réttinda. Um útreikning á lífeyrisaukanum gilda sérstakar reglur og hvernig skuli bregðast við ef reiknuð staða hans hverju sinni er ekki innan tiltekinna marka. Í grófum dráttum á að bæta við lífeyrisauka í árslok hreinni nafnávöxtun ársins hjá LSRA og draga frá hversu mikið áunnin jöfn réttindi ársins hafa kostað sjóðinn umfram aldursháða réttindaávinnslu. Markmiðið er að sjálfsögðu að sjóðurinn dugi til þess að jafna hugsanlegan halla meðan einhver á rétt til jafnrar réttindaávinnslu. Sérstakri skýrslu um lífeyrisaukann er skilað til stjórnar sjóðsins árlega.

Í X. ákvæði til bráðabirgða í lögum LSR segir að leggja skuli mat á stöðu lífeyrisaukasjóðs verði reiknuð staða hans neikvæð um meira en 10% í fimm ár. Komi sú staða upp skuli bæta öllum varúðarsjóðnum, eða hluta hans, við eignir lífeyrisaukasjóðs, í báðum tilvikum þar til -5,0% viðmiði er náð.

Í upphafi árs 2025 var tæplega hálfur varúðarsjóðurinn greiddur inn í lífeyrisaukasjóðinn vegna viðvarandi halla undanfarin ár. Færslufjárhæðin nam 7.625 m.kr. af 16.014 m.kr. varúðarsjóði í árslok 2024. Stöðu lífeyrisaukasjóðs í árslok 2025 og sl. fjögur ár þar á undan má sjá í eftirfarandi töflu.

Lífeyrisauki	2025	2024	2023	2022	2021
Lífeyrisauki í ársbyrjun	139.408.611	133.631.637	132.240.738	134.938.104	125.232.888
Lífeyrisauki ársins	-10.675.736	-10.298.679	-10.416.800	-9.754.046	-9.993.312
Reiknuð ávöxtun ársins	9.035.364	16.075.653	11.807.699	-5.240.821	19.698.528
Innborgun úr ríkissjóði	7.625.718	0	0	12.297.500	0
Lífeyrisauki í árslok	145.393.957	139.408.611	133.631.637	132.240.738	134.938.104
Tryggingafræðilegt endurmat	1.432.605	986.714	364.174	-1.817.586	-4.768.349
Lífeyrisauki framtíðar, forsendur hvers árs	161.244.570	160.124.821	164.768.871	165.331.944	164.072.691
Reiknaður kostnaður	522.546	520.859	532.183	521.968	238.396
Aldursháð framtíðarstaða ef jákvæð	5.100.986	5.387.485	7.856.445	5.336.108	0
Reiknuð staða lífeyrisauka	-9.839.568	-14.862.871	-23.448.798	-30.094.652	-34.141.332
Staða	-6,3%	-9,6%	-14,9%	-18,7%	-20,8%
Hrein nafnávöxtun ársins	6,15%	12,03%	8,93%	-3,88%	15,73%

Reiknuð staða lífeyrisaukasjóðsins er nú neikvæð um 9.840 m.kr. eða -6,3%. Það er betri staða en í árslok 2024 þegar staða lífeyrisaukasjóðsins var neikvæð um 14.862 m.kr. eða -9,6%. Reiknuð ávöxtun ársins 2025, 9.035 m.kr., er fundin m.v. hreina nafnávöxtun LSRA á árinu 2025 sem var 6,145%.

Rétt er að leggja áherslu á að þetta eru reiknaðar stærðir út frá byrjunarfjárhæðinni sem var greidd til sjóðsins í árslok 2016. Hún er hluti af eignum sjóðsins en reiknuð staða segir til um hvort eignir í lífeyrisaukasjóði dugi til þess að standa undir réttindum sem sjóðfélagar sem eiga rétt á jafnri réttindaávinnslu eiga eftir að ávinna sér í framtíðinni og hvort færa eigi meiri eignir úr varúðarsjóði í lífeyrisaukasjóðinn.

Við tryggingafræðilega athugun á stöðu sjóðsins í árslok 2025 er ekki tekið tillit til þess hvort réttur sjóðfélaga á jafnri ávinnslu frá árinu 2017 sé vegna réttinda þeirra í LSRA eða Brú Isj. við samþykktabreytingar sjóðanna og stofnun lífeyrisaukasjóðs á þeim tíma.


Þróun lífeyrisauka til framtíðar eignamegin fer eftir ávöxtun sjóðsins en skuldamegin togast á hækkanir skuldbindinga vegna iðgjaldahækkana og brottfall þeirra sjóðfélaga sem eiga rétt á lífeyrisauka. Engir nýir

bætast í þann hóp, en þeir sem hætta að greiða til sjóðsins í meira en eitt ár missa rétt til jafnrar ávinnslu réttinda.

Framreikningsiðgjöld sjóðfélaga (þ.e. iðgjöld sjóðfélaga sem eru yngri en 67 ára í árslok og reiknast með framreikning í tryggingafræðilegri athugun) sem veita rétt á jafnri réttindaávinnslu voru 28.752 m.kr. á árinu 2025 og lækka um 36,2 m.kr. að nafnvirði frá árinu 2024 þegar þau námu 28.789 m.kr., en báðar fjárhæðir eru á verðlagi í lok hvers árs. Taflan hér að neðan sýnir iðgjöld árána 2021 – 2025 sem koma til framreiknings eftir tegundum iðgjaldanna.

Framreikningsiðgjöld (<67 ára) í árslok	2025	2024	2023	2022	2021
Lífeyrisaukaiðgjöld	28.752.346	28.788.554	29.824.080	29.854.122	28.254.024
Aldursháð ávinnsla – iðgjöld	20.800.407	17.858.105	15.227.228	11.604.573	9.001.287
Iðgjöld samtals	49.552.753	46.646.659	45.051.309	41.458.695	37.255.311
Lífeyrisaukaiðgjöld / samtals iðgjöld	58,0%	61,7%	66,2%	72,0%	75,8%

Hlutdeild iðgjalda í aldursháðri réttindaávinnslu eykst á milli ára og skýrir það bætingu á framtíðarstöðu LSRA frá árslokum 2024. Fjöldi þeirra sem eiga rétt á jafnri ávinnslu er 15.551 í árslok 2025 sem er fækkun um 1.024 sjóðfélaga eða 6,2% fækkun frá árslokum 2024.



Niðurstaða athugunar miðað við staðlaðar forsendur

Taflan að neðan sýnir niðurstöður athugunarinnar með samanburði við staðlaðar tryggingafræðilegar forsendur. Forsendur athugunarinnar eru frábrugðnar staðalforsendum að því leyti að notaðar eru sérhæfðar lífs- og örorkulíkur sjóðfélaga við mat á skuldbindingum sjóðsins. Reynsla undanfarin ár sýnir að bæði dánar- og örorkutiðni sjóðfélaga LSR eru marktækt undir staðalforsendum. Við staðlaðar tryggingafræðilegar forsendur væri heildarstaða sjóðsins 34.848 m.kr. veikari og væri neikvæð um 0,9%. Áfallnar skuldbindingar væru 9.433 m.kr. lægri og áfallin staða sjóðsins +14,1% í stað +13,3%.

Niðurstaða í árslok 2025	Forsendur athugunar	Staðlaðar forsendur	Forsendur athugunar	Staðlaðar forsendur	
ÁFALLIN STAÐA			HEILDARSTAÐA		
Höfuðstóll	1.412.936.096	1.412.936.096	Framtíðariðgjöld	650.679.300	633.031.639
Endurmat skuldabréfa	13.922.034	13.922.034	Eign	1.426.858.130	1.426.858.130
Eign	1.426.858.130	1.426.858.130	Heildareign	2.077.537.430	2.059.889.769
Elliskuldbinding	1.143.673.223	1.113.047.095	Elliskuldbinding	1.852.274.723	1.799.355.381
Örorkuskuldbinding	74.057.687	93.515.927	Örorkuskuldbinding	130.900.537	195.185.578
Makaskuldbinding	25.257.004	26.992.529	Makaskuldbinding	39.650.323	42.799.627
Barnaskuldbinding	1.440.713	1.440.324	Barnaskuldbinding	4.755.575	7.440.626
Rekstrarkostnaður	15.417.330	15.303.024	Rekstrarkostnaður	33.181.192	33.181.192
Skuldbindingar alls	1.259.845.957	1.250.298.899	Skuldbindingar alls	2.060.762.351	2.077.962.403
Eignir umfram skuldb.	167.012.174	176.559.231	Eignir umfram skuldb.	16.775.080	-18.072.634
Staða	13,3%	14,1%	Staða	0,8%	-0,9%

Eignir, rekstur og endurmat

Skuldabréfaeign sjóðsins var endurmetin með því að núvirða þau þannig að sömu forsendur um vexti giltu um eignir og skuldbindingar. Núvirðingin gaf 13.922 m.kr. eða +1,0% af bókfærðri eign. Einstök verðbréf voru ekki núvirt af Talnakönnun heldur var stuðst við útreikninga sem sjóðurinn útvegaði. Verðmæti bréfa sjóðsins sem bera uppgreiðsluákvæði eru endurmetin, en tryggingastærðfræðingar hafa gefið út reglur um hvernig þau skuli metin.

Endurmatsverð eigna var borið saman við bókfært verð eigna og gengið úr skugga um að bókfærða verðið stemmdi við staðfestan ársreikning. Eins voru valin nokkur verðbréf og verðbréfaflokkar og endurmatsverð þeirra reiknað hjá Talnakönnun. Niðurstöður þeirra útreikninga stemmdu við endurmatsverðmætið frá sjóðnum.

Annar rekstrarkostnaður sem kom til núvirðingar var 1.414,6 m.kr. sem er uppfært meðaltal síðustu þriggja ára. Núvirði hans var 33.181,2 m.kr. sem bætast við skuldbindingar sjóðsins í tryggingafræðilegri athugun. Núvirtur kostnaður vegna áfallinna skuldbindinga er hlutfall reiknaðra áfallinna lífeyrisskuldbindinga af heildarskuldbindingum að viðbættum framtíðariðgjöldum og gaf það 15.417,3 m.kr.

Endanlegur ársreikningur er frá 11. mars 2026 og byggir niðurstaða þessarar athugunar á þeim tölum.

Niðurlag

Þessi tryggingafræðilega athugun byggir á þeim gögnum og forsendum, sem gert hefur verið grein fyrir í skýrslu þessari, ásamt hefðbundnum tryggingafræðilegum útreikningum. Niðurstaðan er í góðu samræmi við niðurstöðu fyrri ára þegar tillit hefur verið tekið til nýrra gagna auk ávöxtunar sjóðsins og verðbólgu á árinu 2025.

Tryggingafræðileg staða sjóðsins er jákvæð um 0,8% eftir að hafa verið jákvæð um 1,2% í árslok 2024. Staða sjóðsins telst því góð, sérstaklega í ljósi þrálátrar verðbólgu sl. fimm ár. Einnig telst raunvaxtastig í árslok 2025, bæði héraðs og erlendis, sjóðnum hagfelldu en í tryggingafræðilegri athugun eru allar skuldbindingar sjóðsins núvirtar m.v. 3,5% raunávöxtun eigna.

Gert í Reykjavík 20. mars 2026

TALNAKÖNNUN HF.



Benedikt Jóhannesson
tryggingastærðfræðingur sjóðsins



Arnór Ingi Finnbjörnsson
stærðfræðingur hjá Talnakönnun hf.

Viðauki TAFLA 1

Heildarskuldbinding (í m.kr.) KARLAR

Staða	Fjöldi	Meðalr/mán	Aldur	ELLI	ÖRORKU	MAKA	BARNA	SAMTALS
Virkir sjóðfélagar	9.876	485,3	44	406.265	10.937	13.132	708	431.043
Óvirkir	13.006	35,3	45	45.492	771	1.377	0	47.641
Ellilífeyrisþegar	3.967	199,2	73	109.703	0	4.921	0	114.624
Örorkulífeyrisþegar	343	189,9	55	7.713	6.715	265	0	14.693
Makalífeyrisþegar	337	74,9	72	0	0	969	0	969
Barnalífeyrisþegar	563	20,2	15	0	0	0	728	728
SAMTALS	28.092	218,7	48,5	569.173	18.424	20.664	1.436	609.697

(þúskr.)

Heildarskuldbinding (í m.kr.) KONUR

Staða	Fjöldi	Meðalr/mán	Aldur	ELLI	ÖRORKU	MAKA	BARNA	SAMTALS
Virkir sjóðfélagar	24.263	442,8	44	949.964	69.893	13.457	2.606	1.035.920
Óvirkir	20.323	33,6	46	70.356	3.270	926	0	74.552
Ellilífeyrisþegar	8.799	158,2	72	219.397	0	3.338	0	222.735
Örorkulífeyrisþegar	2.050	169,5	54	43.384	39.314	639	0	83.337
Makalífeyrisþegar	278	74,6	72	0	0	626	0	626
Barnalífeyrisþegar	522	21,2	15	0	0	0	713	713
SAMTALS	56.235	234,7	49,2	1.283.102	112.477	18.986	3.319	1.417.884

(þúskr.)

Heildarskuldbinding (í m.kr.) SAMTALS

Staða	Fjöldi	Meðalr/mán	Aldur	ELLI	ÖRORKU	MAKA	BARNA	SAMTALS
Virkir sjóðfélagar	34.139	455,1	44	1.356.229	80.831	26.589	3.315	1.466.963
Óvirkir	33.329	34,3	46	115.849	4.041	2.303	0	122.193
Ellilífeyrisþegar	12.766	171,0	72	329.100	0	8.259	0	337.359
Örorkulífeyrisþegar	2.393	172,4	54	51.097	46.029	904	0	98.030
Makalífeyrisþegar	615	74,7	72	0	0	1.596	0	1.596
Barnalífeyrisþegar	1.085	20,7	15	0	0	0	1.441	1.441
84.327	229,4	48,9	1.852.275	130.901	39.650	4.756	2.027.581	

(þúskr.)

Núvirtur kostnaður

SAMTALS 30.312 2.142 649 78 33.181

Bókfærð eign

Endurmat skuldabréfa 1.412.936

Núverandi eign 13.922 **1.426.858**

Ókomin iðgjöld

KARLAR

203.950

Ókomin iðgjöld

KONUR

446.729

Samtals

650.679

Heildareign

2.077.537

STADA

0,8%

16.775

Viðauki TAFLA 2

Áfallin skuldbinding (í m.kr.) KARLAR

Staða	Fjöldi	Meðalr/mán	Aldur	ELLI	ÖRORKU	MAKA	BARNA	SAMTALS
Virkir sjóðfélagar	9.876	194,0	44	198.221	3.319	6.141	0	207.681
Óvirkir	13.006	35,3	45	45.492	771	1.377	0	47.641
Ellilífeyrisþegar	3.967	199,2	73	109.703	0	4.921	0	114.624
Örorkulífeyrisþegar	343	189,9	55	7.713	6.715	265	0	14.693
Makalífeyrisþegar	337	74,9	72	0	0	969	0	969
Barnalífeyrisþegar	563	20,2	15	0	0	0	728	728
SAMTALS	28.092	116,3	48,5	361.129	10.806	13.673	728	386.335

(þúskr.)

Áfallin skuldbinding (í m.kr.) KONUR

Staða	Fjöldi	Meðalr/mán	Aldur	ELLI	ÖRORKU	MAKA	BARNA	SAMTALS
Virkir sjóðfélagar	24.263	172,9	44	449.406	20.669	6.055	0	476.130
Óvirkir	20.323	33,6	46	70.356	3.270	926	0	74.552
Ellilífeyrisþegar	8.799	158,2	72	219.397	0	3.338	0	222.735
Örorkulífeyrisþegar	2.050	169,5	54	43.384	39.314	639	0	83.337
Makalífeyrisþegar	278	74,6	72	0	0	626	0	626
Barnalífeyrisþegar	522	21,2	15	0	0	0	713	713
SAMTALS	56.235	118,2	49,2	782.544	63.252	11.584	713	858.093

(þúskr.)

Áfallin skuldbinding (í m.kr.) SAMTALS

Staða	Fjöldi	Meðalr/mán	Aldur	ELLI	ÖRORKU	MAKA	BARNA	SAMTALS
Virkir sjóðfélagar	34.139	179,0	44	647.628	23.988	12.195	0	683.811
Óvirkir	33.329	34,3	46	115.849	4.041	2.303	0	122.193
Ellilífeyrisþegar	12.766	171,0	72	329.100	0	8.259	0	337.359
Örorkulífeyrisþegar	2.393	172,4	54	51.097	46.029	904	0	98.030
Makalífeyrisþegar	615	74,7	72	0	0	1.596	0	1.596
Barnalífeyrisþegar	1.085	20,7	15	0	0	0	1.441	1.441
SAMTALS	84.327	117,6	48,9	1.143.673	74.058	25.257	1.441	1.244.429

(þúskr.)

Núvirtur kostnaður				14.169	918	313	18	15.417
SAMTALS				1.157.842	74.975	25.570	1.459	1.259.846

Bókfærð eign 1.412.936

Endurmat skuldabréfa 13.922

Núverandi eign 1.426.858

Ókomin iðgjöld KARLAR

Ókomin iðgjöld KONUR 0

Samtals 0

Heildareign 1.426.858

STADA 13,3% 167.012

Viðauki GÖGN

Gögnin sem bárust frá Fuglum ehf. eru textaskrár sem eru pakkaðar og eftirfarandi skrár með dulkóðuðum kennitölum fyrir sjóðfélaga og greiðsluþega voru notaðar við þessa tryggingafræðilegu athugun:

1. Einstaklingar: Grunnupplýsingar um einstaklinga sem koma fram í öðrum skrá, einskonaþjóðskrá.
2. Idgj_Rettindi_Saga_LSR-A: Iðgjaldagreiðslur og réttindi allra sjóðfélaga. Réttindin eru uppfærð til vísitölu neysluverðs til verðtryggingar í janúar 2026.
3. Idgj_Rettindi_Saga_LA-A: Iðgjaldagreiðslur og stigaréttindi vegna eftirlaunalaganna.
4. Lifeyrir_LSR-A: Lifeyrisþegar sem fengu greiddan lífeyri í desember 2025.
5. Tegund_Lifeyris. Tegund lífeyrisgreiðslu
6. Idgj_Rettindi_Ny_LSR-A: Iðgjöld síðustu tveggja ára eftir mánuðum.
7. Skipting_Ellirettinda_LSR-A: Listi með númerum sjóðfélaga og maka vegna hjóna sem skipt hafa réttindum og/eða iðgjöldum.
8. Tegund_Rettinda_LSR-A: Listi yfir iðgjaldategundir
9. Tegund_LifGrRettinda_LSR-A: Listi yfir lífeyristegundir

Eftirfarandi tafla sýnir færslufjölda ofangreindra skráa:

Nafn skrár	Færslufjöldi 2025	Færslufjöldi 2024	Færslufjöldi 2023	Færslufjöldi 2022
Einstaklingar_dulk	124.512	121.593	118.686	115.307
Idgj_Rettindi_Saga_LSR-A_Dulk	1.981.316	1.885.092	1.781.210	1.562.630
Idgj_Rettindi_Saga_LA-A_Dulk	4.181	4.176	4.149	4.149
Lifeyrir_LSR-A_Dulk	16.896	15.464	14.002	12.401
Tegund_Lifeyris	7	7	7	7
Idgj_Rettindi_Ny_LSR-A_Dulk	853.590	975.793	930.488	753.415
Skipting_Ellirettinda_LSR-A_Dulk	1.008	907	797	676
Skipting_Ellirettinda_LA-A_Dulk	1	1	1	1
Tegund_Rettinda_LSR-A	8	8	8	6
Tegund_LifGrRettinda_LSR-A	12	12	11	11

Þessar skrár voru lesnar inn í gagnagrunn. Vinnslan í gagnagrunninum skilaði samandregnum skráum þar sem réttindi eftir aldri, kyni og stöðu voru dregin saman. Skuldbindingar og aðrar upplýsingar voru síðan unnar úr samandregnum skránum.